



Kennari: Árni Blandon	Sk.st.	ÁB
------------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing

Titill	LISTIR OG MENNING 1
Námsgrein	Listir og menning
Viðfangsefni	Inngangur að menningar- og listasögu
Skammstöfun	LIME1IN05
Prep	1
Einingafjöldi	5
Lýsing	<p>Áfanganum er ætlað að veita nemendum innsýn í hinar ýmsu listgreinar og fjallað er um ólíka þætti listalífsins s.s. myndlist, handverk, hönnun, leiklist o.fl., og þá menningarþætti sem mótað hafa listsköpun mannsins í gegnum tíðina.</p> <p>Nemendur skoða áhrif og tilgang lista og nýsköpunar í samfélaginu og í sögulegu samhengi, meðal annars með tilliti til virkni listalífs og hagrænna áhrifa.</p> <p>Markmið áfangans er að nemandinn öðlist hæfni til að tengja sig við og njóta þeirrar menningar sem hann er hluti af og efla hæfni hans til skapandi starfa.</p> <p>Meginhluti áfangans er á ábyrgð nemenda þar sem þeir velja sér vinfangsefni innan lista og menningar og velja sér þær aðferðir sem þeir kjósa til að koma efninu á framfæri til annarra nemenda áfangans.</p> <p>Tvö verkefni skal nemandi velja út frá innihaldi áfangalýsingar en meginverkefni er frjálst val nemanda út frá áhugasviði hans innan listgreinar og menningar.</p> <p>Farið verður í menningarferð til Reykjavíkur.</p> <p>Viðtalstími kennara: Fimmtudagar kl. 09:15-09:45</p> <p>Símanotkun í tímum ekki leyfð nema við verkefnavinnu.</p>
Forkröfur	Engar
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none">• sérkennum mismunandi listgreina• mikilvægi listsköpunar í samfélaginu• hvernig stefnur og straumar í listum taka sífellt breytingum• samspili ólíkra listgreina og hvernig þær hafa áhrif hver á aðra• möguleikum sem listnám hefur upp á að bjóða
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none">• skoða og meta eigin gildi og viðhorf til margvíslegra listforma• vinna á sjálfstæðan og skapandi hátt að verkefnum undir leiðsögn kennara

Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none">• tengja sig við þá menningu sem hann er hluti af• vera virkur í menningar- og listalífi• taka þátt í umræðum um menningu og listir• efla hæfni sína til list- og nýsköpunar• vinna með öðrum með umburðarlyndi og virðingu að leiðarljósi• meta, greina og skynja listir og hönnun út frá eigin forsendum
Námsmat	Símat: Stórt hópverkefni í listum og menningu (40%) og tvö smærri verkefni annað hvort unnin einstaklingslega eða í pörum (20% + 20%). Greinargerð fyrir menningarferð (20%)

Með fyrirvara um breytingar
Selfossi, ágúst 2019

Árni Blandon